

Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og fékk nefndin á sinn fund Karl Alvarsson, Ólaf Pál Vignisson og Maríu Rún Bjarnadóttur frá samgönguráðuneytinu vegna umfjöllunar um NMT- og GSM-kerfi landsins við 2. umræðu um málið. Leyfi til reksturs NMT-kerfisins mun falla niður nk. áramót m.a. vegna úrelts tæknibúnaðar en á fundi nefndarinnar kom fram að ráðuneytið telur að uppbygging langdrægs GSM-kerfis muni ná samþærilegri útbreiðslu og NMT-kerfið innan skamms. Með tilliti til þeirra upplýsinga telur nefndin ekki forsendur til að leggja til breytingar á frumvarpinu í þá veru að framlengja leyfi til reksturs NMT-kerfisins en telur nauðsynlegt að fylgjast mjög náið með framkvæmd og uppbyggingu GSM-kerfisins. Nefndin leggur áherslu á að brugðist verði við komi fram van-
kantar við niðurlagningu kerfisins, sérstaklega varðandi öryggisþáttinn.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Alþingi, 10. sept. 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
form., frsm.

Ólöf Nordal.

Árni Þór Sigurðsson.

Jón Gunnarsson.

Björk Guðjónsdóttir.

Guðjón A. Kristjánsson.